



Símafundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 29. desember 2023.

Í síma: Lárus Heiðarsson formaður, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Umsókn frá Fjarðarorku ehf. um uppsetningu á búnaði til veðurmælinga.

Lýsing á verkefni og búnaði: Fjarðarorka ehf. óskar eftir heimild til þess að setja upp sjö veðurmöstur og jafnframt heimild til þess að setja upp Lidar ljósmælinga- og drægnitæki. Möstrin eru 130 m há stálgrindar möstur stöguð niður með (3x4=) 12 stálvírastögum, útbúin með nemum til að safna gögnum um vindhraða, vindáttir og hitastig. Á hverju rannsóknarsvæði verður komið fyrir Lidartæki sem er fjarstýrt nema- og mælitæki í læstri kerru. Lidartæki verða flutt á milli staða á hálfis árs fresti og verða þau staðsett nálægt hverju veðurmastri og flutt á milli svæða með fjórhjóladrifnu tæki svo sem dráttarvél. Einnig kemur fram í umsókninni að Fjarðarorka hefur skrifað undir samninga við landeigendur og hefur heimild frá þeim til þess að stunda þær rannsóknir sem óskað er eftir. Þá kemur einnig fram að Fjarðarorka hefur ráðið Svein Ingimarsson og verkfræðistofuna Mannvit til þess að hafa umsjón með uppsetningu og rekstri á búnaðinum. Stefnt er að því að setja tvö veðurmöstur upp í júní 2024 til að meta reynslu af þeim yfir heilt ár og fimm möstur verði sett upp í júní 2025. Uppsetning mastra og Lidartækja getur tekið breytingum af veðurfræði- og tæknilegum skilyrðum og aðstæðum. Lagt er til að fyrri Lidartækið verði sett upp á fyrsta ársfjórðungi 2024. Hægt væri að setja seinna Lidar-tækið upp á tímabilinu júní 2024 - júní 2025, ef það er álitid nauðsynlegt fyrir mælingarnar.

Afstaða byggingar- og skipulagsnefndar:

Byggingar- og skipulagsnefnd óskar eftir að fá afrit af samningum við landeigendur um heimild af þeirra hálfu til uppsetningar á búnaði og að stunda þær rannsóknir sem óskað er eftir. Einnig óskar nefndin eftir að fá greinarbetri upplýsingar um umfang og þyngd þess búnaðar sem fluttur verður á rannsóknarsvæðin, hvaða tæki verða notuð til flutninga, verður nauðsynlegt að ráðast í slóðagerð yfir torfær svæði, þarf að hafa aðgang að námum vegna hugsanlegrar slóðagerðar og þá hvar? Grenndarkynning þarf að fara fram vegna uppsetningar á möstrum. Greinargóð kynningargögn þarf að leggja fram á landakorti þar sem fram kemur staðsetning/hæð á rannsóknarsvæðum, hver er landeigandi og hverjir eru landeigendur á aðliggjandi landareignum og helstu örnefni. Einnig þarf að gera ítarlega grein fyrir tilgangi rannsókna, uppsetningu á búnaði, tímaáætlun og frágangi við verklok.

Afgreiðsla byggingar- og skipulagsnefndar:

Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir flutningi og uppsetningu á Lidartæki á hvert og eitt rannsóknarsvæði sem umsóknin nær til. Að lokinni grenndarkynningu á uppsetningu mastra mun nefndin taka málið fyrir á nýjan leik og væntanlega veita byggingarheimild fyrir sitt leyti fyrir hvert og eitt mastur og vísa málinu síðan til sveitarstjórnar til útgáfu á framkvæmdaleyfum vegna umbeðinna framkvæmda.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð yfirlesin og samþykkt.
Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir
Fundarritari: Sveinn Þórarinsson